



Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytið.

Hr. Jóhann Guðmundsson

Reykjavík 15.11.2011

Efni: Umsögn um skýrslu Verkefnahóps „Um nýtingu helstu nytjastofa“

Umsögn samtakanna byggir fyrst og fremst á stefnumótandi viðhorfum en ekki á einstökum innihaldþáttum skýrslunnar.

Nauðsynlegt er að stjórnvöld hafi nýtingarstefnu um alla nytjastofna í hafinu við Ísland svo og um þá deilistofna sem íslendingar eiga hlutdeild í með öðrum þjóðum. Slík nýtingarstefna á að byggjast á sem bestri vísindalegri þekkingu á hverjum tíma og ábyrgð stjórnvalda er að sú þekking sé sem mest í ljósi framtíðarhagsmuna Íslands.

Skýrsla verkefnahópsins fjallar fyrst og fremst um aflareglu (nýtingarreglu) fyrir þorsk, en nauðsynlegt er að fjallað sé um aðrar nytjategundir með sama hætti og þekking dregin saman á einn stað utan Hafrannsóknarstofnunarinnar. Aðskilja þarf með formlegum hætti rannsóknir og stjórnsýslu, bæði hvað varðar nýtingarstefnu og framkvæmd hennar.

Tekið er undir gagnrýni nefndarinnar um að kynna þurfi betur nýtingastefnu á nytjastofnum og henni sé ekki blandað saman við hvernig úthlutun veiðiheimilda er hverju sinni. Ruglingsleg umræða þar sem Hafrannsóknarstofnunni er kennt um kvótaúthlutun vegna þess að hún kemur með tillögur um veiðar er á ábyrgð stjórnvalda. Skýr aðskilnaður þarf að vera á milli rannsókna og stjórnsýslulegra ákvarðanna og framkvæmd nýtingarstefnu.

Stjórn Samtaka Fullveldissinna.